

16. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, enda hafi breytingartillagnanna verið getið í fundarboði og að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærna fundarmanna séu samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**fyrir vatnsveitu Litla-Árskógssands.**

1. gr.

Vatnsveitufélag Litla-Árskógssands hefur einkaleyfi til sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir, og hún getur fullnægt, svo og til hafnar á Litla-Árskógssandi.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast stjórn félagsins. Skal hún skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um félagssvæðið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, þar sem það er hægt, eða sem næst lóðarmörkum. Frá aðalæðum skulu húseigendur sjálfir leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituna, skal senda skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Sama skylda hvílir á lóðareiganda. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki félagsstjórnar og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Félagsstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, ef þess þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum, eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef nokkur tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Félagsstjórn er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo

og ef þeir hafa vatnsæðum sínum svo fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þágu vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt hegningarlögunum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati félagsstjórnar.

10. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

11. gr.

Félagsstjórn eða trúnaðarmönnum er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella stjórninni heimilt að gera það á hans kostnað.

12. gr.

Af öllum íbúðarhúsum á félagssvæðinu, sem virt eru til fasteignamats, og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru váttryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar.

13. gr.

Af öllum húsum á félagssvæðinu, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 2% — tvo af hundraði —. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — fyrir hvert íbúðarhús.

14. gr.

Af húsum, sem nota vatn vegna annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, er útheimtir mikið vatn, svo sem frystihús, þvottahús, verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða vatnsskatt 2% — tvo af hundraði — af fasteignamati, nema öðru vísi sé sérstaklega um samið við vatnsveitunefnd.

15. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

Fyrir hvern stórgrip, sem stendur inni	kr.	30.00
Fyrir hverja sauðkind	—	3.00
Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu	—	3.00
Fyrir vatn til skipa pr. smálest	—	3.00
Fyrir innveginn fisk í fiskiðjuver pr. smálest	—	6.00
Fyrir saltfiskþvott pr. smálest	—	6.00

16. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa, atvinnurekandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts.

Eigandi framleiðslustöðvar eða atvinnustofnunar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

17. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 14. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd. Vatnsskattur samkvæmt 15. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar rekstur hættir ár hvert.

Vatnsskatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sanningsveði eða aðfararveði.

18. gr.

Heimilt er félagsstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

19. gr. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem Vatnsveitufélag Litla-Árskógssands hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um guðsþjónustuhald í þeim prestaköllum, sem tveir prestar þjóna.

Með vísun til tillagna yðar, háæruverðugi herra, í tilefni af framkomnum óskum sóknarnefnda í Reykjavíkurprófastsdæmi um að úr því verði skorið, hve oft skuli haldnar almennar guðsþjónustur í prestaköllum, sem tveir prestar þjóna, skal yður hér með tjáð eftirfarandi:

Svo sem fram kemur í tilskipun 29. maí 1744, um tilhlýðilegt helgihald, ber hverjum presti að halda opinbera guðsþjónustugerð í einhverri sóknarkirkju sinni hvorn helgidag þjóðkirkjunnar, en með bréfi stjórnarráðsins nr. 61 28. maí 1909 var staðfest að þessi regla gildi með sama hætti um prestana í dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík, er þá hafði verið lögfest að skyldu vera tveir, þannig að hvor presturinn um sig skyldi prédika að forfallalausum hvern helgan dag.

Staðfestir ráðuneytið, að fyrrnefnd ákvæði um embættisskyldu sóknarprestanna til að halda guðsþjónustugerð hvern helgan dag að forfallalausum, eru í fullu gildi og eiga einnig við um hvorn prestinn fyrir sig í prestaköllum, þar sem tveir prestar starfa saman.